

Mál nr. 174/2017

**M og
V1 v/ A og
V2 v/ B.**

Árekstur þann 7. febrúar 2017.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. maí 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 6. júní 2017.
3. Bréf V2 frá 29. maí 2017.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var ekið hlið við hlið á beygjuakrein til hægri á Bæjarhálsi þann 7. febrúar 2017.

Samkvæmt framburðarskýrslu M, ökumanns bifreiðar A, ók hún af stað við ljósin og inn á gatnamótin. Í beygjunni fannst henni að bifreiðin B væri komin of nálægt hennar bifreið og þar sem hún hélt að bifreiðinni yrði ekið á hennar, beygði hún út í kantinn til hægri við Bæjarhálsinn til að forðast árekstur. Einnig flautaði hún en allt kom fyrir ekki og rakst bifreið B á bifreið A.

Í framburðarskýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi farið í beygjuna, hafi verið á stórum bíl og því hugsað um beygjuna, svo heyrði hann flautið í hinni bifreiðinni. Stöðvaði þá bifreiðina í kantinum.

Álit.

Ljóst er að árekstur varð milli bifreiða A og B þann 7. febrúar 2017. Engin vitni að atburðinum gáfu sig fram á árekstrarstað. Samkvæmt atburðarlýsingum reyndi ökumaður bifreiðar A að forðast árekstur með því að aka bifreið sinni út í hægri kant í beygjunni ásamt því að flauta á ökumann bifreiðar B til að láta hann vita að hann væri kominn of nálægt. Ökumaður bifreiðar B virðist ekki hafa tekið eftir neinu í beygjunni. Þetta bendir sterklega til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki tekið eftir því er hann fór yfir á akreinina sem bifreið A var á. Þykir nægilega sannað með hliðsjón af framburðum beggja ökumanna að bifreið B hafi farið yfir á beygjuakrein bifreiðar A og rekist þar á bifreið A. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á bifreið B

Reykjavík 17. ágúst 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.